

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 8. tbl. 12. árg. október 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar 2018

Miðvikudaginn 24. október kl. 17:00
í íþróttahúsinu á Höfn

Frábær
skemmtiatriði
hjá nemendum
og nú er ABBA
málið



SÖNGUR - LEIKUR - DANS

Húsið opnar 16:30 - veitingar á staðnum

Skemmtun fyrir alla fjölskylduna

500 kr. á mann - mest 1500 kr. á fjölskyldu.

Við hlökkum til að sjá ykkur

Nemendur og starfsfólk

Skólapúlsinn

Nú eru niðurstöður eftir fyrstu mælingu Skólapúlsins komnar í hús. Það var 1/3 hluti nemenda eða 40 nemendur í 6. – 10. bekk sem svöruðu spurningum sem snúa að virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Fyrirlögnin fór fram síðari hluta septembermánaðar. Niðurstöðurnar eru taldar gefa sterka vísbendingu um það hvernig ástandið er í öllum skólanum.

Niðurstöðurnar eru í fáum orðum sagt frekar daprar. Í öllum þáttum sem snúa að **virkni nemenda í skólanum** þá koma nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar verr út en samanburðarhópar úr öðrum skólum og í þáttunum ánægja af lestri og þrautseigja í námi er marktækur munur. Í þáttum sem snúa að **líðan og heilsu** er hið sama að segja, allir þættirnir koma verr út en í

samanburðarskólunum utan þáttarins tíðni hreyfingar en þar eru hornfirsku börnin miklu sterkari en samanburðarhóparnir. Það sem verkur mestar áhyggjur í þessum lið er einelti. Mikið bakslag hefur orðið þar frá síðast vetri og virðist einelti aftur vera orðið marktækt meira en hjá samanburðarhópum. Enn virðast það vera orðin sem skipta mestu máli, 35% aðspurðra

fannst að einhver væir að baktala sig stundum eða oft og 31% aðspurðra sögðu að einhver segði stundum eða oft eitthvað særandi við sig. Auk þess voru 22.5% nemenda leiðir yfir því hvernig krakkarnir létu við sig. 20% aðspurðra nemenda sögðust hafa verið lagðir í einelti einu sinni eða oftár síðustu 30 dagana. Það er ljóst að sú mikla vinna sem lögð hefur verið í að bæta samskipti nemenda hefur vissulega verið þörf og að enn er af nógu að taka. Um leið og mikilvægi góðra fyrirmyndar og eftirfylgni á heimilið verður aldrei of oft áréttuð þá er líka ljóst að í skólanum verður áfram unnið með samskipti og eineltismál af fullum krafti. **Einelti og slæm samskipti eru nefnilega mannanna verk og þeim er hægt að breyta.**



Þriðji hluti könnunarinnar sem snýr að **skóla- og bekkjaranda** kemur best út. Þar virðast þó færri nemendur úr okkar skóla samsama sig við nemendahópinn enn annars staðar en agi í tímum er umtalsvert betri en í fyrra og nemendur mun sáttari við heimanámið en gerist og gengur í samanburðarskólum.

Hvers vegna er mikilvægt að lesa daglega?

Lesfimi þarf að þjálf
Lestur eykur orðaforða
Orðaforði eykur lesskilning
Lesskilningur er lykill að öllu námi

Nemandi A les í
20 mínútur á dag

3600 mínútur
á einu skólaári

1.800.000 orð



Nemandi B les í
5 mínútur á dag

900 mínútur
á einu skólaári

282.000 orð



Nemandi C les í
1 mínútu á dag

180 mínútur
á einu skólaári

8.000 orð



Nagy & Herman 1987

Það skiptir svoOOO miklu máli að lesa og stuðningur ykkar kærur foreldrar við lestur er gríðarlega mikilvægur. Sá stuðningur getur skipt sköpum hvað lestraránægju, lesskilning og lestrargleði varðar.

Annaskil

Föstudaginn 2. nóvember verður viðtalsdagur í skólanum þar sem allir foreldrar eru boðaðir í viðtal með barninu sínu. Mánudaginn á eftir 5. nóvember er skipulagsdagur hjá starfsmönnum og því frí hjá nemendum. Hyggist foreldrar nota tækifærið þegar löng helgi er hjá nemendum og fara eitthvað af bæ þá eru umsjónarkennarar reiðubúnir að taka foreldraviðtalið fyrir.

Fyrir foreldraviðtöl eru allir nemendur beðnir um að vinna stutt *sjálfsmat* með foreldrum sínum inn á mentor. Þetta sjálfsmat er heimavinna allra nemenda í næstu viku og umsjónarkennarar senda foreldrum leiðbeiningar um hvernig á að gera þetta en aðalatriðið er að það þarf að vinna sjálfsmatið í gegnum aðgang nemandans á mentor.



Matseðill í nóvember

- 1.nóv Píta með buffi.
- 2.nóv Viðtalsdagur.
- 5.nóv Frí hjá nemendum – skipulagsdagur starfsfólks.
- 6.nóv Kjúklingapottréttur með nanbrauði.
- 7.nóv Fiskistangir með raspi.
- 8.nóv Svikinn héri með brúnni sósu.
- 9.nóv Skyr brauð og álegg.
- 12.nóv Soðinn fiskur m/rúgbrauði.
- 13.nóv Hakkréttur í tacóskel.
- 14.nóv Fiskibuff m/karrýsósu.
- 15.nóv Pizza og franskar.
- 16.nóv Hrísrjónagrautur.
- 19.nóv Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 20.nóv Gúllas með kartöflumús.
- 21.nóv Steiktur fiskur með smjöri.
- 22.nóv Pylsu pasta m/brauðbollu.
- 23.nóv Hrísrjónagrautur brauð og álegg.
- 26.nóv Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.
- 27.nóv Kjúklingabringur m/steiktum kart.
- 28.nóv Steiktur fiskur með raspi.
- 29.nóv Litlar sælkerabollur með súrsætri sósu.
- 30.nóv Súpa, brauð og álegg.

Nú er tími
endurskinsmerkjanna runninn
upp og ljósanna á hjólin.

Sjáumst í vetur



Salatbar í hádeginu
mánudaga - fimmtudaga

Ferðumst með eigin orku – göngum eða hjólum í skólann.
Með því eflum við andlega og líkamlega heilsu og stuðlum að hreinna og
heilbrigðara umhverfi.
Ábyrgðin er okkar